

Fast gjald þungaskatts

Breytingar á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar

Þann 20. desember 1998 voru samþykkt lög frá Alþingi um breytingu á lögum um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3/1987. Meðal annars var samþykkt hækkun á föstu gjaldi þungaskatts ökutækja sem eru allt að 4.000 kg að leyfðri heildarþyngd og heimild til niðurfellingar á þungaskatti vegna innlagnar númera og tímabundins útflutnings var rýmkuð.

Hækkun gjalds

Fast gjald ökutækja sem eru 1.500 - 1.999 kg að eigin þyngd hækkar úr kr. 132.053 í kr. 136.675 og af ökutækjum sem eru þyngri hækkar gjaldið úr kr.

7.555 í kr. 7.819 fyrir hver 200 kg umfram 2000 kg. Hækkunin nemur um 3.5%. Fast gjald þungaskatts mun hækka um 2% þann 1. júlí 1999. Það skal þó áréttað að fast gjald ökutækja undir 1.500 kg að eigin þyngd hækkar ekki.

Framangreindar breytingar tóku gildi þann 1. janúar 1999 og komu því til framkvæmda við álagningu þungaskatts þann 1. janúar 1999.

Gjaldskrá fasts gjalds þungaskatts frá 1. janúar 1999 er eftirfarandi:

Fast gjald þungaskatts (árgjald)

Eigin þyngd bífreiddar kg	Pungaskattur kr.	Eigin þyngd bífreiddar kg	Pungaskattur kr.
Allt að 1.000	94.273	2.800-2.999	175.770
1.000-1.499	113.163	3.000-3.199	183.589
1.500-1.999	136.675	3.200-3.399	191.408
2.000-2.199	144.494	3.400-3.599	199.227
2.200-2.399	152.313	3.600-3.799	207.046
2.400-2.599	160.132	3.800-3.999	214.865
2.600-2.799	167.951		

Ofangreind gjaldskrá mun hækka um 2% þann 1. júlí 1999.

Leigubifreiðar, sendibifreiðar með gjaldmæli, hópþifreiðar I og sendibifreiðar á rauð-hvítum vsk. númerum greiða 25% hærra fast gjald þungaskatts. Gjaldskrá þessarar ökutækja frá 1. janúar 1999 verður því eftirfarandi:

Fast gjald þungaskatts (árgjald) með 25% viðbótarálagningu

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.
Allt að 1.000	117.841	2.800-2.999	219.713
1.000-1.499	141.454	3.000-3.199	229.486
1.500-1.999	170.844	3.200-3.399	239.260
2.000-2.199	180.618	3.400-3.599	249.034
2.200-2.399	190.391	3.600-3.799	258.808
2.400-2.599	200.165	3.800-3.999	268.581
2.600-2.799	209.939		

Ofangreind gjaldskrá mun hækka um 2% þann 1. júlí 1999.

Innlögn skráningarnúmera/akstur erlendis
Sá lágmarkstími sem gefur rétt til lækkunar eða endurgreiðslu á föstu gjaldi þungaskatts hefur verið stytur úr þrjátíu dögum í fimmtán daga í eftirfarandi tilfellum;

- þegar skráningarnúmer ökutækja eru lögð inn til geymslu hjá Skráningarstofunni hf.
- þegar ökutæki er flutt tímabundið úr landi er heimilt að lækka eða endurgreiða þungaskatt sem nemur skatti í fimmtán daga og hlutfallslega eftir það.

Móttaka skráningarnúmera hjá
Íslandspósti hf.

Athygli er vakin á því að frá og með 20. janúar 1999 er hægt að leggja inn skráningarmerki til geymslu á öllum pósthúsum Íslandspósts hf utan höfuðborgarsvæðisins. Þar verður einnig hægt að koma til skila eyðublaði ríkiskattstjóra sem fyllt er út samfara innlögn skráningarmerkja af ökutækjum sem greiða þungaskatt samkvæmt öikumæli

VIRÐISAUKASKATTSSKRIFSTOFA RÍKISSKATTSTJÓRA